

Skýrsla stjórnar foreldrafélags leikskólans Sólborgar leikskólaárið 2017 og 2018

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 4. október 2017, þar sem kosin var ný stjórn. Það tók ekki langan tíma þar sem formaður og gjaldkeri bauð sig fram til árs til viðbótar. Ritari var svo kosinn með handauppréttingu. Þar sem það eru ákveðin forréttindi í því að vera ritari þá vill hann nefna það hér í þessari skýrslu að mæting á þenna aðalfund foreldrafélags Sólborgar með um sjötíu börn var með ólíkindum. Aðeins voru þrír foreldrar mættir.

Stjórn foreldrafélagsins:

- Lena Viderø, formaður og gjaldkeri
- Smári Jónasson, ritari
- Valdís Árnadóttir

Á fundinum voru ákveðnar dagsetningar fyrir viðburði og skemmtanir á vegum foreldrafélagsins auk annarra ákvarðana og upplýsinga. Ekki voru haldnir fleiri fundir á tímabilinu en Facebook notað við skipulagningu atburða.

- Gjald í foreldrafélagið var ákveðið það sama og árið á undan 3900 krónur
 - Systkinaafsláttur sami og áður 12,5%
- Dagsetningar atburða og skemmtana voru ákvarðaðar eftirfarandi:
 - Jólaföndur var ákveðið að halda þann 3. desember, kl. 11:00 til 13:00
 - Gjald fyrir börn sem taka þátt en eru ekki á Sólborg ákveðið 500 krónur.
 - Sveitaferð 24. maí
 - Sumarhátíð 21. júní
 - Skólamyndataka 26. apríl

Dagskrá foreldrafélagsins 2017 og 2018:

Jólaföndur var með hefðbundnu sniði þar sem boðið var uppá kakó (Swiss Miss) og piparkökur auk þess sem foreldrar fengu kaffi. Í boði fyrir kakóið var bæði mjólk og haframjólk einnig eggja- og mjólkurlausar piparkökur.

Eftirfarandi föndurstöðvar var svo að finna:

- Hin geysi vinsæla kertastöð, þar sem kerti eru máluð með þar til gerðri kertamálningu
 - Hvít kerti keypt í Bónus, 12 í pakka
 - Kertamálning í fönðurbúð
 - Hafa nóg af hvoru tveggja hægt að geyma á milli ára
- Klipp og límstöð, þar sem klipptar voru út myndir og límt á glimmer og fleira
- Kórónustöð, þar sem klipptar voru út kórónur og skreyttar

Jólatónlist var í bakgrunni og var mæting góð. Eitthvað var eftir af efni sem hægt er að nota að ári.

Jólaball - foreldrafélagið sá um að redda gjöfum fyrir jólasveininn en fyrirtækið Artasan hjóp undir bagga og gaf tannbursta sem sóttir voru af formanni.

Skólamyndataka var með nýju sniði að ósk starfsfólks sem og vegna dræmrar sölu á einstaklingsmyndum. Einungis voru teknar hópmyndir í hverri stofu en engar einstaklingsmyndir. Skólamyndir sáu um myndatöku og aðra umsýslu vegna sölu. Myndatakan fór fram á skólatíma fimmtudaginn 26. apríl.

Sveitaferð var farin í ár að Hraðastöðum í Mosfellsdal. Ferðin var að þessu sinni á skólatíma og gert ráð fyrir að börnin myndu snæða á leikskólanum fyrir og eftir ferðina. Farið var af stað kl. 09:00 og komið til baka um hádegis. Börnin voru mjög ánægð með þessa ferð en þátttaka foreldra hefði mátt vera betri.

Sú hefð/fyrirkomulag hefur skapast að þessi ferð er farin annað hvert ár á skólatíma en hitt árið á um helgi og þá í umsjá foreldra. Foreldrar hafa þó tekið þátt í sveitaferðinni á skólatíma. Þetta fyrirkomulag kemur meðal annars til vegna kostnaðar við rútu en vegna þessa hefur komið upp sú hugmynd að hætta alfarið sveitaferðum en í staðin sé farið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn annaðhvert ár og þá um helgi og hin árin sé eitthvað annað skemmtilegt gert með krökkunum á skólatíma. T.d. er hægt að halda einhver námskeið eða fá einhvern í heimsókn.

Sumarhátíðin var blaut í ár enda sumarsins 2018 ekki minnst vegna sólar og hita, þetta slapp þó til að mestu. Hátíðin var að vanda vel sótt og var með hefðbundnu sniði. Boðið var upp á leiksýningu frá leikhópnum Miðnætti - Ferðalag með Þorra og Þuru. Héldu álfarnir fullri athygli barna og fullorðinna með frábærri framsetningu og áhugaverðu þema. Sýningin tók um 30 mínútur en síðan var skellt í myndatökur með álfunum.

Boðið var uppá pylsur frá SS (220st.) brauð frá Myllunni, mjólkurlausar pylsur frá Goða (10st.) og vegan pylsur frá Nettó (15st.). Þessu var svo rennt niður með djús í fernum (250st.) Tjald yfir grillið kom sér vel í ár.

Skólinn bauð upp á andlitsmálningu og fékk til verksins tvo andlitsmálara sem voru mjög vinsælir enda eru þær fengnar í verkið á hverju ári. Börnunum var breytt í hinar ótrúlegustu ofurhetjur, fiðrildi, randaflugur og prinsessur.

Erfiðar gekk að halda úti öðrum stöðvum eins og stéttakrít, sápukúlur o.s.frv. en í staðin voru ýmisskonar vatnsstöðvar eins og vatnsrennibraut, vatnamálning o.fl.

Foreldrafélagið sá um grillið og leiksýninguna en starfsfólk Sólborgar um flest annað.

Útskriftarferð elstu barna var í höndum starfsmanna Sólborgar sem sáu um skipulagninguna. Foreldrafélagið hefur komið að því með fjárstuðningi.

Facebook síða foreldrafélagsins er:

- Sólborg (Reykjavík) – Foreldrasíða

Einnig er hægt að finna síður fyrir stofur viðkomandi barna á svipaðan hátt.

Fréttabréf frá foreldrafélaginu er til að minna á starfið framundan, hvetja foreldra til að greiða skráningargjald og ekki síst til að hvetja foreldra til þátttöku í þessu starfi.

Annað, foreldrafélagið hefur komið að kaupum á gjafakörfum fyrir starfsmenn um hátíðarnar sem þakklætisvott frá okkur foreldrum fyrir hið frábæra starf sem unnið er á Sólborg.

Nytsamar upplýsingar um foreldrafélagið:

- RN: 515-26-837000
- KT: 570497-2009

Foreldrafélagið þakkar fyrir skólaárið 2017 til 2018. Því miður hefur driffjöður foreldrafélagsins, formaður og gjaldkeri síðustu ár Lena Viderø óskað eftir því að láta af störfum. Því ljóst að miklar breytingar verða á fundi foreldrafélagsins 9. október 2018. Fyrir hönd foreldrafélagsins viljum við þakka Lenu fyrir ósérhlífið og virkilega gott starf í þágu félagsins. Á sama tíma bjóðum við nýja stjórn, sem vonandi tekst að kjósa, velkomna til starfa fyrir skólaárið 2018 til 2019.

Kveðja frá ritara:

Smári Jónasson